

Skóli í sífelldri þróun – framtíðarsýn

Skólastarfið í Tjarnarskóla er í sífelldri mótun og það er margt sem vert er að skoða nánar og rýna með skipulögðum hætti á komandi árum. Við erum þakklát fyrir að hafa gengið í gegnum heildarmatsferli skólaveturinn 2012 – 2013. Við gerum ráð fyrir að niðurstöður heildarmatsins hafi jákvæð áhrif á þróun skólastarfsins í Tjarnarskóla og koma án efa til að hafa áhrif á þróunarverkefni næstu ára og stefnumörkum í starfinu. Ný Aðalnámskrá gefur einnig tilefni til þróunarvinnu undir merkjum Aðalnámskrárinnar.

Það er nauðsynlegt að spyrja spurninga um gæði skólastarfsins okkar og vera ávallt vakandi fyrir því hverju við viljum breyta. Aðkoma nemenda að ákvarðanatöku er einnig spennandi viðfangsefni sem við höfum í auknum mæli verið að fíkra okkur áfram með. Samvinna við foreldra er alltaf að aukast og aðkoma foreldra eflir skólastarfið með jákvæðum hætti. Það verður eflaust gaman að sjá hvaða hugmyndir leysast úr læðingi í góðri samvinnu allra þessara aðila.

Við væntum þess að skólanámskráin okkar verði síbreytileg í samræmi við það umhverfi og ytri ramma sem við störfum í. Það er mikilvægt að vera ávallt á varðbergi og með opinn huga, í takt við tímann.

Skóli er skemmtilegt samfélag!

Maí 2014



Margrét Theodórsdóttir

